

Fundargerð



MÝVATN

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps. *31. Fundur.*

að Hlíðavegi 6, fimmtudaginn 26. janúar 2012, kl. 13:30.

DAGSKRÁ:

1. Fundarsetning.
2. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2012.
3. Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalda 2012.
4. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
5. Gjaldskrár hitaveitu.
6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 23. jan.
7. Yfirlýsing um friðlýsingu náttúruvættisins Seljahjallagils, Bláhvamms, Prengslaborga og nágrennis, var frestað á fundi 8. des. sl.
8. Fundargerð Skólanefndar dags. 16. jan.
9. Ráðning skipulagsfulltrúa.
10. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 16. jan.
11. Erindi frá Mannviti f.h. Landafélagsins, ósk um samþykkt skipulagslýsingar og heimild til deiliskipulagsgerðar.
12. Hlutfé vegna Vaðlaheiðarganga.

Til kynningar:

Fréttabréf Sóknar lögmannsstofu.

Ályktun um samgöngumál frá áhugafólki um eflingu atvinnulífs í Mývatnssveit.

Fundargerð stjórnar Eypings dags. 16. des. sl.

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Böðvar Pétursson, Karl Emil Sveinsson, Eyrún Björnsdóttir, Friðrik K. Jakobsson. Sveitarstjóri ritaði fundargerð.

1. Fundarsetning.

Oddviti setti fund og óskaði eftir að málum 10, 11 og 12 yrði bætt á dagskrána. Samþykkt samhljóða.

2. Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2012.

Oddviti gerði eftirfarandi tillögu um fasteigna- og þjónustugjöld fyrir árið 2012 ásamt afsláttarreglum.

Álagningarreglur fasteigna- og þjónustugjalda 2012.

- a) Fasteignaskattur samkvæmt a-lið 3. greinar laga um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995, með síðari breytingum. 0,625% af fasteignamati.
- b) Fasteignaskattur samkvæmt b-lið 3. greinar sömu laga, 1,32% af fasteignamati.
- c) Fasteignaskattur samkvæmt c-lið 3. greinar sömu laga, 1,65% af fasteignamati.
- d) Vatnsgjald, 0,15% af fasteignamati.
- e) Holræsagjald, 0,225% af fasteignamati.
- f) Lóðaleiga, kr. 10,00 á m².

Gjalddagar ofangreindra gjalda umfram kr. 10.000- verði 8, sá fyrsti 1. mars. 2012. Gjalddagi gjalda undir kr. 10.000- verði 1. maí.

Verði fasteignagjöld að fullu greidd fyrir eindaga fyrstu greiðslu sem er 31. mars 2012, verður veittur 3,5% staðgreiðsluafsláttur. Þeir sem vilja nýta sér afsláttinn, vinsamlega hafi samband við skrifstofu hreppsins.

Fasteignaskattur af íbúðarhúsnæði, sem eigandi býr í, skal felldur niður/lækkaður hjá elli- og örorkulífeyrisþegum samkv. eftirfarandi reglum:

100% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000-

80% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.460.000- til kr. 2.830.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.440.000- til kr. 3.840.000-

50% lækkun:

Einstaklingar með (peninga) tekjur allt að kr. 2.830.000- til kr. 3.290.000-
Hjón með (peninga) tekjur allt að kr. 3.840.000- til kr. 4.580.000-

Áður en niðurfelling eða lækkun á sér stað, þarf að koma fram umsókn þar um, ásamt staðfestu afriti af skattaframtali 2012 og berist skrifstofu Skútustadahrepps að Hlíðavegi 6, þegar að framtali loknu.

Sorphirðugjöld:

- A.) Íbúðir
Sorphirðugjald kr. 31.500- á íbúð
- B.) Fyrirtæki.
Sorphirðugjald er samkvæmt eftirfarandi flokkun.
Flokkur a) kr. 31.500-
b) kr. 86.600-
c) kr. 157.900-
d) kr. 289.700-
e) kr. 565.200-

f) kr. 857.100-

Sveitarstjórn raðar fyrirtækjum í flokka eftir eðli og umfangi starfsemi þeirra.

Ákveðið hefur verið að innheimta heilbrigðiseftirlits- og umhverfisgjöld af fyrirtækjum vegna gjaldaársins 2012, sem heimilt er samkv. lögum.

Greiðsluseðlar verða sendir mánaðarlega.

Samþykkt samhljóða. Gjaldskrárhlutunum vísað til síðari umræðu.

3. Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalda 2012.

Eftirfarandi innheimtulistu lagður fram. Þrátt fyrir að sveitarstjórn samþykki 15% hækkun sorpgjalda frá fyrra ári, heldur það ekki í við kostnaðinn sem hlýst af þessum málaflokki.

Fyrirtækjalisti vegna sorpgjalds 2012 fyrirtæki	flokkur	2012
Birgir Hauksson v/landbúnaður	a	31.500
Egill Freysteinnsson v/landbúnaður	a	31.500
Eyþór Pétursson v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Baldursheimi ehf. v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Gautlöndum 1 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Garði 2 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Geiteyjarströnd 2 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Grænavatni 1 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Grænavatni 4 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Stöng 2 og Heiðmörk v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Skútustöðum 2 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Vogum 2 og 4 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Vogum 3 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Vogum 1 v/landbúnaður	a	31.500
Félagsbú Ytri Neslöndum v/landbúnaður	a	31.500
Halldór Árnason v/landbúnaður	a	31.500
Ingólfur Jónasson v/landbúnaður	a	31.500
Valgeir Guðmundsson v/landbúnaður	a	31.500
Héðinn Sverrisson v/reykhús	a	31.500
Arngrímur Geirsson v/hestaleigu	a	31.500
Bjarni Páll Vilhjálmsson v/hestaleigu	a	31.500
Gylfi Yngvason reykhús	a	31.500
Reykhúsið Hellu	a	31.500
Halldór Árnason v/reykhús	a	31.500
Gunnar Rúnar Pétursson v/reykhús	a	31.500
Örn Hauksson v/reykhús	a	31.500
Dyngjan	a	31.500
Heilbrigðisstofnun Þingeyinga	a	31.500
Haganes, veiðihús	a	31.500
Mývatnsmarkaður	a	31.500
Víkurnes, hópferðapjónusta	a	31.500
		976.500
Crumena v/ Gistiheimilisins Lúdents	b	86.600

Fuglasafn Sigurgeirs	b	86.600
Landeigendur Reykjahl. v/Gestastofu	b	86.600
Mýflug	b	86.600
Skútustaðahreppur skrifst/leikskóli	b	86.600
Skútustaðir 2b, gisting	b	86.600
Sparisjóður S-Þingeyinga	b	86.600
Stöng Sumarhús	b	86.600
		692.800
Eldá/Helluholt	c	157.900
Ferðaðjónustan Bjargi	c	157.900
Ferðaðjónustan Hlíð	c	157.900
Héðinn Sverrisson v/gisting	b	157.900
Jón Ingi Hinriksson v/Léttsteypan ofl.	c	157.900
Lake View	c	157.900
Landsvirkjun v/Grænna lausna/Raftvista	c	157.900
Trésmiðjan Rein v/Kaffi Borga	c	157.900
Skjólbrekka, félagsheimili	c	157.900
Skútustaðahreppur v/Múlavegar 1	c	157.900
Skútustaðahreppur v/áhaldahús/veitust.	c	157.900
Stöng, ferðaðjónusta	c	157.900
Vogabú v/gisting/veitingar	c	157.900
Vogar v/ferðaðjónusta ofl.	c	157.900
Veiðihús í landi Hofstaða	c	157.900
		2.368.500
Baðfélag Mývatnssveitar	d	289.700
Hótel Reynihlíð	d	289.700
Lykilhótel	d	289.700
Mývatn ehf.	d	289.700
Skútustaðahreppur, grunnskóli	d	289.700
Skútustaðahreppur, íþróttamiðstöð	d	289.700
		1.738.200
Samkaup	f	857.100
Kröfluvirkjun	f	857.100
		1.714.200
saamt. fyrirtæki		7.490.200
alm. gjald	171	31.500
		5.386.500
samtals alls		12.876.700

Samþykkt samhljóða.

4. Þriggja ára fjárhagsáætlun, fyrri umræða.
Vísad til síðari umræðu.

5. Gjaldskrár hitaveitu.

Fyrir fundinum liggja gjaldskrár vegna hitaveitu Reykjahlíðar og Birkilands. Vegna fyrirliggjandi endurnýjunar á stofnæð hitaveitu Reykjahlíðar er gert ráð fyrir að gjaldskráin hækki um 50%. Gjaldskrá fyrir Birkiland hækkar einnig um 50% nema stofngjald sem hækkar um tæp 6%.

Vísað til síðari umræðu.

6. Fundargerð Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 23. jan.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er tekin fyrir umsókn um byggingaleyfi vegna framkvæmda við íbúðarhús að Álftagerði 3. Fyrirhugað er að byggja bílskúr með íbúðarrisi auk breytinga innandyrna. Þar sem framkvæmdirnar eru ekki samkvæmt deiliskipulagi óskar byggingafulltrúi eftir umsögn Skipulags- og umhverfisnefndar. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að verða við erindinu.

Í þriðja lið fundargerðarinnar vill nefndin beina því til sveitarstjórnar að hefja sem allra fyrst vinnu við gerð deiliskipulags af leigulandi sveitarfélagsins.

Í fjórða lið fundargerðarinnar kemur fram að rætt hafi verið um aðstöðumun þeirra íbúa sveitarfélagsins sem ekki hafa aðgengi að þriggja fasa rafmagni. Nefndin beinir því til sveitarstjórnar að óska eftir upplýsingum frá Rarik um hvaða áætlanir fyrirtækið hafi um úrbætur hvað þetta varðar.

Sveitarstjórn staðfestir afgreiðslu Skipulags- og umhverfisnefndar á öðrum lið og samþykkir fundargerðina að öðru leiti.

7. Yfirlýsing um friðlýsingu náttúruvættisins Seljahjallagils, Bláhvamms, Prengslaborga og nágrennis, var frestað á fundi 8. des. sl.

Fyrir fundinum liggur yfirlýsing um friðlýsingu náttúruvættisins Seljahjallagils o.fl. í Skútustaðahreppi, undirrituð af eigendum Grænavatns. Í yfirlýsingunni kemur fram að i náttúruvættinu sé að finna merkar minjar frá jarðeldum sem skópu Mývatn og umgjörð þess. En markmið friðlýsingarinnar er að vernda sérstæðar jarðmyndanir, auk þess sem svæðið hefur mikið fræðslu- og útivistargildi.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna friðlýsingu fyrir sitt leiti.

8. Fundargerð Skólanefndar dags. 16. jan.

Í öðrum lið fundargerðarinnar er farið yfir gjaldskrár leik- og tónlistarskóla. Nefndin telur að skýra þurfi orðalag í gjaldskrá tónlistarskólans, en gerir að öðru leiti ekki athugasemdir við gjaldskrárnar.

Í þriðja lið er komið inná skólastefnu sveitarfélaga og að nefndarmenn kynni sér það efni.

Sveitarstjórn samþykkir fundargerðina.

9. Ráðning skipulagsfulltrúa.

Sveitarstjóri og oddviti fóru yfir málið. Samþykkt að ráða Bjarna Reykjalin til starfans.

10. Fundargerð Félags- og menningamálanefndar dags. 16. jan.

Ekkert í fundargerðinni þarfnast ályktunar við.

11. Erindi frá Mannviti f.h. Landafélagsins, ósk um samþykkt skipulagslýsingar og heimild til deiliskipulagsgerðar.

Fyrir fundinum liggur skipulagslýsing vegna fyrirhugaðra framkvæmda við hótélbyggingu í landi Arnarvatns. Jafnframt er óskað eftir heimild til deiliskipulagsgerðar af sama svæði. Skipulags- og umhverfisnefnd hafði fyrir í morgun samþykkt lýsinguna.

Sveitarstjórn samþykkir framkomna skipulagslýsingu unna af Mannviti vnr. 7.620.257, jafnframt samþykkir sveitarstjórn að veita viðkomandi heimild til deiliskipulagsgerðar.

12. Hlutfé vegna Vaðlaheiðarganga.

Sveitarstjórn Skútustaðahrepps lýsir því hér með yfir að hún sé tilbúin að koma að því með Vegagerðinni f.h. ríkisins að styrkja eigið fé Vaðlaheiðarganga með auknu hlutfé.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið.
Dagbjört Bjarnadóttir,
Böðvar Pétursson,
Karl Emil Sveinsson,
Eyrún Björnsdóttir,
Friðrik K. Jakobsson.